



Staðfesting á skráningu fyrir: **FLUGELDASÝNINGU**

Björgunarsveitin Hafliði

Kt. 411281-0359

Fjarðarvegur 6

680 Þórshöfn

Staðsetning: Tún við bæinn Vegamót u.þ.b. 800 m sunnan við Þórshöfn

Tímasetning: 31.12.2022 kl:21³⁰

Ábyrgðaraðili: Þorsteinn Ægir Egilsson kt. 080684-2319

Rekstraraðila ber að fylgja meðfylgjandi starfsskilyrðum sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur sbr. 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur eftirlit með starfsemi.
Skráningargjald verður innheimt í samræmi gjaldskrá HNE

8. desember 2022

f.h. Heilbrigðisnefndar

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ**

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Starfsskilyrði vegna flugeldasýningar

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5. gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. Skilyrði

Skylt er að haga allri háværri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði. 724/2008.

Hefja má flugeldasýningu ef veður og aðstæður leyfa þann dag og á þeim tíma sem tiltekinn er í leyfi lögreglustjóra. Sé veðráttta eða vindátt óhagstæð skal fara að tilmælum lögreglu. 414/2017 15. gr. og rgl. nr. 737/2003.

Óheimilt er að skjóta upp flugeldum á eða í nánd við friðlýst svæði og vatnsverndarsvæði nema að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar ef um friðlýst svæði er að ræða. 796/1999, 797/1999 og lög nr. 60/2013.

Ábyrgðarmaður flugeldasýningarinnar ber ábyrgð á því að starfsemin sé í samræmi við gildandi löggjöf og að upplýsingar sem hann veitir um starfsemina séu réttar. Lög nr. 7/1998.

Skoteldasýningar skulu ekki haldnar eftir kl. 23:00 virka daga og ekki eftir kl. 24:00 um helgar. Fara skal eftir reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. 414/2017 15. gr. og 724/2008 um hávaða.

Starfsemin skal lúta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda, eins og við á.

Vöktun á flugeldasýningu skal vera samfelld. Leyfishafa ber að sjá um hreinsun þess svæðis þar sem flugeldasýning hefur farið fram. Skoteldaúrgangi ber að skila á viðurkennda móttökustöð. 414/2017 15. gr.

Viðhafa skal sérstaka varkárni og nærgætni í nánd við svæði með ríkt fuglalíf og forðast óþarfa truflun skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Lög nr. 60/2013 og 64/1994.

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs,
- reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit,
- reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs,
- reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og
- reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.